

Framtalið berist	Kennitala
	Sveitarfélag lögheimilis

Nafn - pósthfang	Öllum mönnum sem höfðu með höndum starfsemi sem gjaldskyld er til iðnaðarmálagjalds á árinu 2008, skv. lögum nr. 134/1993 með síðari breytingum, og sem ekki skila skattframtali rekstraraðila RSK 1.04 eða rekstrarskýrslu RSK 4.11 , ber að skila þessu framtali. Skilafrestur er hinn sami og skilafrestur skattframtals.
------------------	---

Gjaldstofn iðnaðarmálagjalds:

Stofn til álagningar er heildarvelta ársins 2008 skv. 11. og 12. gr. laga um virðisaukaskatt nr. 50/1988.

*Fyllist út af skattstjóra

	Heildarvelta 2008	Álag*
Gjaldstofn iðnaðarmálagjalds		

Athugasemdir framteljanda

Undirritaður staðfestir að framtal þetta er gert eftir bestu vitund og er í fullu samræmi við fyrirbyggjandi gögn.

_____ Dagsetning Undirskrift

Skýringar

A) IÐNAÐARMÁLAGJALD

Iðnaðarmálagjald er lagt á allan iðnað í landinu.

Undanþegin gjaldinu eru fyrirtæki sem að öllu leyti eru í eign opinberra aðila, svo og fyrirtæki sem stofnuð eru samkvæmt sérstökum lögum til að vera eign opinberra aðila að verulegu leyti, nema annars sé getið í þeim lögum.

Gjaldstofn:

Gjaldstofn er velta samkvæmt 11. gr. laga um virðisaukaskatt að meðtalinni veltu sem undanþegin er virðisaukaskatti samkvæmt 12. gr. þeirra laga.

Gjaldstig iðnaðarmálagjalds er 0,08%.

Til iðnaðar skulu teljast eftirtaldar atvinnugreinar samkvæmt Íslenski atvinnugreinaflokkun, ÍSAT 2008:

- 05 Kolanám
- 06 Vinnsla á hráolíu og jarðgasi
- 07 Málminám og málmvinnsla
- 08 Nám og vinnsla annarra hráefna úr jörðu
- 09 Þjónustustarfsemi við námuvinnslu
- Úr 10 Matvælaframleiðsla
- 10.20.4 Framleiðsla lagmetis úr fiskafurðum, krabbadýrum og lindýrum
- 10.3 Vinnsla ávaxta og grænmetis
- 10.42 Framleiðsla á smjörlíki og svipaðri feiti til manneldis
- 10.6 Framleiðsla á kornvöru, mjólva og mjölvavöru
- 10.7 Framleiðsla á bakarís- og mjólkendum vörum
- 10.8 Framleiðsla á öðrum matvælum
- 10.9 Fóðurframleiðsla

- 11 Framleiðsla á drykkjarvörum
- 12 Framleiðsla á tóbaksvörum
- 13 Framleiðsla á textílvörum
- 14 Fatagerð
- 15 Framleiðsla á leðri og leðurvörum
- 16 Framleiðsla á viði, viðarvörum og korki, önnur en húsgagnagerð; framleiðsla á vörum úr hálm og fléttuefnum
- 17 Framleiðsla á pappír og pappírsvörum
- 18 Prentun og fjölföldun upptekins efnis (þó ekki 18.20.0, Fjölföldun upptekins efnis)
- 19 Framleiðsla á koxi og hreinsuðum olíuvörum
- 20 Framleiðsla á efnum og efnavörum
- 21 Framleiðsla á lyfjum og efnum til lyfjagerðar
- 22 Framleiðsla á gúmmi- og plastvörum
- 23 Framleiðsla á vörum úr málmausum steinefnum
- 24 Framleiðsla málna
- 25 Framleiðsla á málmvörum, að undanskildum vélum og búnaði
- 26 Framleiðsla tölvu-, rafeinda- og optískum vörum
- 27 Framleiðsla á rafbúnaði og heimilistækjum
- 28 Framleiðsla á öðrum ótöldum vélum og tækjum
- 29 Framleiðsla á vélknúnum ökutækjum og tengivögnum
- 30 Framleiðsla annarra farartækja

- 31 Framleiðsla á húsgögnum og innréttingum
- 32 Framleiðsla, ót.a.
- 33 Viðgerðir og uppsetning vélbúnaðar og tækja
Úr 38 Sorphirða, meðhöndlun og förgun sorps; endurnýting efnis
- 38.3 Endurnýting efnis
- 41 Bygging húsnæðis; þróun byggingarverkefna (þó ekki 41.10.0, Þróun byggingarverkefna)
- 42 Mannvirkjagerð
- 43 Sérhæfð byggingarstarfsemi
Úr 45 Sala, viðgerðir og viðhald á vélknúnum ökutækjum og tengivögnum
- 45.2 Bílaviðgerðir og viðhald
Úr 58 Útgáfustarfsemi
- 58.2 Hugbúnaðarútgáfa
- 62 Þjónustustarfsemi á sviði upplýsingatækni
Úr 63 Starfsemi á sviði upplýsingaþjónustu
- 63.1 Gagnavinnsla, hýsing og tengd starfsemi, vefgáttir
Úr 74 Önnur sérfræðileg, vísindaleg og tæknileg starfsemi
- 74.2 Ljósmyndaþjónusta
- 95 Viðgerðir á tölvum og hlutum til einka- og heimilisnota
Úr 96 Önnur þjónustustarfsemi
- 96.02 Hárgreiðslu- og snyrtistofur

B) Úr lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt með áorðnum breytingum

11. gr.

Til skattskyldrar veltu skráðs aðila telst öll sala eða afhending vöru og verðmæta gegn greiðslu, svo og seld vinna og þjónusta. Hér með telst andvirði vöru eða skattskyldrar þjónustu sem fyrirtæki selur eða framleiðir og eigandi tekur út til eigin nota. Til skattskyldrar veltu telst einnig andvirði skattskyldrar vöru og þjónustu sem fyrirtæki notar í öðrum tilgangi en varðar sölu þess á skattskyldum vörum og þjónustu eða í tilgangi er varðar atriði sem rakin eru í 3. mgr. 16. gr.

Til skattskyldrar veltu telst sala eða afhending á vöru sem seld er í um-sýslu- eða umboðssölu.

Til skattskyldrar veltu telst sala eða afhending á vélum, tækjum og öðrum rekstrarfjármunum. Sama gildir um vörubrigðir, vélar, tæki og aðra rekstrarfjármuni þegar fyrirtæki tilkynnir sig út af skrá, sbr. 1. mgr. 5. gr.

12. gr.

Til skattskyldrar veltu telst ekki:

1. Vara sem seld er úr landi, svo og vinna og þjónusta sem veitt er erlendis. Fjarskiptaþjónusta telst ekki vera veitt erlendis ef kaupandi hefur annaðhvort búsetu eða starfsstöð hér á landi.
2. Vöruflutningar milli landa og vöruflutningar innan lands þegar flutt er beint til eða frá landinu.
3. Vinna við vöru á kostnað erlends aðila þegar fyrirtækið, sem annast vinnuna, flytur vöruna út að vinnu lokinni, svo og gerð og mótnun vöru á kostnað erlends aðila þegar framleiða á vöruna erlendis.
4. Hönnun, skipulagning, áætlanagerð og önnur sambærileg vinna er varðar byggingar og aðrar fasteignir á erlendri grund.
5. Vistir, eldsneyti, tæki og annar búnaður sem afhentur er til nota um borð í millilandaförum, svo og sú þjónusta sem veitt er slíkum förum. Undanþága þessi nær þó ekki til skemmtibáta og einkalofffara.
6. Sala og útleiga loftfara og skipa. Undanþága þessi nær þó ekki til skipa sem eru undir 6 metrum að lengd, skemmtibáta eða einkalofffara.
7. Skipasmíði og viðgerðar- og viðhaldsvinna við skip og loftför og fastan útbúnað þeirra, svo og efni og vörur sem það fyrirtæki, sem annast viðgerðina, notar og lætur af hendi við þá vinnu. Undanþága þessi nær þó ekki til skipa sem eru undir 6 metrum að lengd, skemmtibáta eða einkalofffara.
8. Samningsbundnar greiðslur úr ríkissjóði vegna mjólkurframleiðslu og sauðfjárframleiðslu.
9. Þjónusta sem veitt er erlendum fiskiskipum vegna löndunar eða sölu afla hér á landi.

10. Sala á þjónustu til aðila sem hvorki hafa búsetu né starfsstöð hér á landi, enda sé þjónustan nýtt að öllu leyti erlendis. Skattskyld þjónusta, sem veitt er í tengslum við menningarstarfsemi, listastarfsemi, íþróttastarfsemi, kennslustarfsemi og aðra hliðstæða starfsemi sem fram fer hér á landi og er undanþegin skattskyldu skv. 3. mgr. 2. gr. laganna, telst ávallt nýtt hér. Jafnframt er sala á þjónustu til aðila sem hvorki hafa búsetu né starfsstöð hér á landi undanþegin skattskyldri veltu þó að þjónustan sé ekki nýtt að öllu leyti erlendis ef kaupandi gæti, væri starfsemi hans skráningarskyld hér á landi, talið virðisaukaskatt vegna kaupa þjónustunnar til innskatts, sbr. 15. og 16. gr. Eftirtalin þjónusta fellur undir þennan tölulið:

- a. framsal á höfundarrétti, rétti til einkaleyfis, vörumerkis og hönnunar, svo og framsal annarra sambærilegra réttinda,
 - b. auglýsingaþjónusta,
 - c. ráðgjafarþjónusta, verkfræðiþjónusta, lögfræðiþjónusta, þjónusta endurskoðenda og önnur sambærileg sérfræðiþjónusta, þó ekki vinna við eða þjónusta sem varðar lausafjármuni eða fasteignir hér á landi,
 - d. tölvuþjónusta, önnur gagnavinnsla og upplýsingamiðlun,
 - e. kvaðir og skyldur varðandi atvinnu- eða framleiðslustarfsemi eða hagnýtingu réttinda sem kveðið er á um í þessum tölulið,
 - f. atvinnumiðlun,
 - g. leiga lausafjármuna, þó ekki neins konar flutningatækja,
 - h. þjónusta milligöngumanna sem fram koma í nafni annars og fyrir reikning annars að því er varðar sölu eða afhendingu þjónustu sem um ræðir í þessum tölulið,
 - i. fjarskiptaþjónusta.
11. Þjónusta sem felst í endurgreiðslu á virðisaukaskatti til aðila búsettra erlendis.

Fjármálaráðherra getur í reglugerð sett nánari skilyrði fyrir undanþágum skv. 1. mgr.

Til skattskyldrar veltu telst ekki sala á vörum sem keyptar hafa verið eða notaðar í þeim tilgangi eingöngu er um ræðir í 3. mgr. 16. gr.

Eignayfirfærslu vörubrigða, véla og annarra rekstrarfjármuna má ekki telja til skattskyldrar veltu þegar yfirfærslan á sér stað í sambandi við eigendaskipti á fyrirtæki eða hluta þess og hinn nýi eigandi hefur með höndum skráðan eða skráningarskyldan rekstur samkvæmt lögum þessum. Við slíka sölu skal seljandi tilkynna skattyfirvöldum um eigendaskipti og söluandvirði eigi síðar en átta dögum eftir að eignayfirfærslan fór fram.